



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. okt. 2019,

**Efni: Umsögn Hagfræðistofnunar um tillögu til
þingsályktunar um einföldun regluverks., 5. mál.**

Hagfræðistofnun hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um einföldun regluverks. Meginmarkmið tillögunnar er að regluverk verði einfaldað í þágu skilvirkni og aukinnar samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.

Kostnaður og ábati

Boð og bönn eru yfirleitt ekki sett að ástæðulausu, en gæta þarf þess að ávinningur af slíkum inngrípum sé meiri en kostnaður fyrir samfélagið. Eitt af fyrstu embættisverkum Reagans Bandaríkjaforseta árið 1981 var að fara fram á að metinn yrði kostnaður og ábati samfélagsins af meiriháttar aðgerðum stjórnvalda. Horft skyldi á ákvarðanir, sem kostuðu samfélagið meira en tiltekna fjárhæð á ári, hefðu í för með sér mikinn kostnað fyrir neytendur eða fyrirtæki, ríkisstofnanir eða svæði, eða væru taldar draga úr framleiðni og samkeppnishæfi atvinnulífs eða torvelða nýsköpun. Reglur skyldu ekki settar nema horfur væru á að ábati samfélagsins væri meiri en kostnaður. Seinni forsetar hafa síðan gefið svipaðar tilskipanir. Fyrstu árin gekkst raunar aðeins lítill hluti reglugerða í Bandaríkjunum undir kostnaðar- og nytjagreiningu, en fyrirmæli Reagans mörkuðu engu að síður þáttaskil, því að nú tók bandarísk stjórnslá almennt upp greiningartæki, sem áður hafði aðeins verið stuðst við á afmörkuðum sviðum í stjórnslá. ¹ Deila má um aðferðir við kostnaðar- og nytjagreiningu og niðurstöður hennar, en ætla má að oftast sé gagn að því að aðgerðir stjórnvalda séu skoðaðar á kerfisbundinn hátt.

¹ Sjá til dæmis Edward Fuchs, James Anderson. (1987). The Institutionalization of Cost-Benefit Analysis. *Public Productivity review*, 10(4), 25-33.

Hagfræðistofnun mælir með að tillagan sé samþykkt og minnir jafnframt á gagnsemi kostnaðar- og nytjagreiningar við mat á ákvörðunum stjórnvalda.

Fyrir hönd Hagfræðistofnunar,
Sigurður Jóhannesson